

Fundargerð 105. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 10. júní 2025, kl. 14:30

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun Suðurlands
2. Sóknaráætlunir landshluta
3. Árlegir fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga haustið 2025
4. Hagræðingartillögur og byggðasjónarmið
5. Greining atvinnusóknar
6. Endurskoðun byggðaaætlunar
7. Norðurslóðaaætlun ESB
8. Önnur mál

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Bryndís Eiríksdóttir (ATRN), Dagný Arnarsdóttir (URN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Sigurður Steingrímsson (MNH) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Kistrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu) og Þór Hauksson Reykdal (MRN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlun Suðurlands

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar stýrihópsins fengið til skoðunar Sóknaráætlun Suðurlands. Samkvæmt viðauka 1 við samninga um sóknaráætlun landshluta 2025-2029, c lið staðfestir stýrihópurinn sóknaráætlunir landshluta sem og áhersluverkefni. Sóknaráætlun Suðurlands var staðfest án athugasemda.

2. Sóknaráætlunir landshluta

Umræður um greinargerð um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfunum fjármuna fyrir árið 2024 og innihald hennar. Verkefnisstjóri fór yfir stöðuna á vinnu við greinargerðina. Byrjað er að safna saman tölulegum gögnum frá landshlutasamtökunum sem greind verða og sett saman í greinargerðina. Greinargerðin verður jafnframt e.k. uppgjör samningstímabilsins 2019-2024. Umræður um framfylgd áhersluverkefna sóknaráætlana og að æskilegt væri að þau væru betur sýnileg. Þá var upplýst að umsóknagátt uppbyggingasjóðanna færist nú í haust til Rannís og hefur verið gerður samningur þar um.

3. Árlegir fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga haustið 2025

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fundar með öllum landshlutasamtökum á haustin. Venjan er að stýrihópurinn heimsæki tvo landshluta á ári og haldi þar staðfundi en aðrir fundir eru í fjarfundi. Formaður opnaði umræðuna um mögulegar dagsetningar heimsóknna til landshlutasamtaka haustið 2025. Í ár er komið að því að heimsækja Austurland og Vesturland. Formanni og verkefnisstjóra falið að finna dagsetningar sem henta í samráði við viðeigandi landshlutasamtök.

4. Hagræðingartillögur og byggðasjónarmið

Guðjón Björn ræddi um byggðasjónarmið vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri. Enn er verið að ná utan um umfangið og gera drög að verkáætlun sem nú eru á lokametrunum. Guðjón Björn greindi jafnframt frá því að ríkisstjórnin hefði rætt, á fundi sínum þann 6. júní sl., um stefnu um opinbera þjónustu, en vinna við stefnuna er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis.

5. Greining atvinnusóknar

Á 104. fundi stýrihópsins var tveimur áhersluverkefnum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) frestað og formanni og verkefnisstjóra falið að afla frekari upplýsinga. Annað verkefnanna snýr að greiningu atvinnusóknar á Suðurnesjum. Þar sem það er bein skörun við aðgerð B.5 á byggðaaætlun *Greining atvinnusóknar* var ákveðið að skoða hvernig tengja mætti þessi tvö verkefni. Formaður og verkefnastjóri áttu fund með SSS þar sem samþykkt var að skoða í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir að Suðurnesin yrðu e.k. tilraunasvæði við greiningu atvinnusóknar sem síðar mætti yfirfæra á landið allt. Stýrihópurinn staðfesti bæði verkefni SSS sem frestað var á síðasta fundi.

6. Endurskoðun byggðaaætlunar

Formaður greindi frá því að áætlað er að vinna við endurskoðun byggðaaætlunar hefjist haustið 2025, en lögum samkvæmt leggur ráðherra fram endurskoðaða byggðaaætlun á hverju kjörtímabili. Farið var yfir hvaða verklag hafi verið viðhaft við þá vinnu undanfarið og aðkomu stýrihópsins.

7. Norðurslóðaaætlun ESB

Formaður sagði stuttlega frá Norðurslóðaaætlun ESB (NPA) sem er eina Interregáætlunin sem Ísland hefur aðild að. Fjármagn Íslands til áætlunarinnar kemur í gegnum byggðaaætlun. Jafnframt greindi formaður frá 25 ára afmælishátíð NPA samstarfsins sem fram fer í Bodø í Noregi og sagðist vonast eftir góðri þátttöku frá Íslandi.

8. Önnur mál

Fundurinn í dag er síðasti fundur stýrihópsins fyrir sumarfrí, enginn fundur verður í júlí og að öllum líkindum enginn fundur í ágúst. Samþykkt að halda sama fundaplani og hefur verið og funda fyrsta mánudag í mánuði frá og með 1. september. Formaður mun senda út fundarboð. Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.